

Nd.

174. Frumvarp

til laga um hámark launa greiddra úr ríkissjóði og af stofnunum ríkisins.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Engum embættismanni né opinberum starfsmanni, sem hefir að launum úr ríkissjóði 4500 kr. auk dýrtíðaruppbótar eða þar yfir, má án sérstakrar lagaheimildar greiða hærri laun fyrir embættisstörf sín (eða aðalstörf) og aukastörf þau, sem honum kunna að verða falin í þjónustu ríkisins eða stofnana ríkisins, en nemi samtals hámarkslaunum þeim, er embætti hans eða starfi eru ákveðin í launalögum eða öðrum lögum.

Engum starfsmanni við stofnanir ríkisins, né heldur öðrum, má án sérstakrar lagaheimildar greiða fyrir aðalstarf og aukastörf í þjónustu ríkisins eða stofnana ríkisins hærri laun samtals en greiða má fyrir tilsvarendi störf embættismanna eða opinberra starfsmanna, og hæst svo, að nemi hæstu launum embættismanna, þeirra, sem taldir eru í hinum almennu launalögum (l. nr. 70, 28. nóv. 1919).

2. gr.

Enginn embættismaður, opinber starfsmaður né fastráðinn starfsmaður við stofnanir ríkisins, sem tekur laun fyrir störf sín, er nema 4500 kr. auk dýr-

tiðaruppbótar eða meiru, má án sérstakrar lagaheimildar taka að sér önnur launuð störf.

3. gr.

Stofnanir ríkisins eru í þessu sambandi hverjar þær stofnanir, sem ríkið á umráð yfir beint eða óbeint.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Laun þau, sem embættismenn ríkisins taka samkvæmt launalögunum frá 1919, og tilsvarendi laun annara opinberra starfsmanna þola engan samanburð við laun þau, sem tíðkast að greiða starfsmönnum ýmsra ríkisstofnana, og enn síður við kaupgreiðslur til fastra starfsmanna einkafyrirtækja. Hæstlaunuðu embættismönnum, eins og biskupi, landlækni, póstmeistara og próffessorum, eru ákveðin lægri laun en algengt er að greiða undirtyllum í banka, ef til vill litið eitt hærri en dæmi eru til að pakkhúsmenn hafi við sumar ríkisstofnanirnar, og hálfdrættingar eru þeir ekki við verzlunarstjóra eða framkvæmdarstjóra í sæmilegri stöðu. Að ekki sé minnzt á það, að fjóra eða fimm slíka hálaunaða embættismenn þarf ef til vill til að jafnast á við í meðallagi heppinn togaraskipstjóra, en fjöldi kaupmanna og braskara eru eða hafa að minnsta kosti verið svo langt þar fyrir ofan, að til þeirra verður ekki náð með neinn samanburð. Til þess að gera hér á nokkurn jöfnuð hefir verið gripið til þess, einkum hér í Reykjavík, þar sem munurinn er mest áberandi og dýrtíðin allt gleypandi, að fela embættismönnum og opinberum starfsmönnum ýms launuð aukastörf fyrir ríkið eða stofnanir ríkisins, en aðrir hafa hjargað sér sjálfir með því að taka að sér einkastörf, og þau stundum umsvifamikil, sér til tekjuauka.

Þetta launafyrirkomulag er vandræðafyrirkomulag, og er hneyksli, að launalögin skuli ekki hafa verið endurskoðuð fyrir löngu síðan. Til embætta og opinberra starfa, að minnsta kosti þeirra, sem meiri háttar eru, á að krefjast fullra starfskrafta þeirra, sem þau rækja, og launa þá samkvæmt því. En þau aukastörf, sem embættismennirnir eða hinir opinberu starfsmenn geta annað með aðalstörfum sínum og til starfsgreinar þeirra geta talizt, eiga þeir þá að sjálfsögðu að vinna án sérstakrar aukabókunnar. Ef ástæða er til að gera undantekningar frá þessu í einstökum tilfellum, á það ekki að vera neitt stjórnarpukur, heldur á opinber samþykkt Alþingis að liggja fyrir um hvert einstakt tilfelli. Aukastörfin og greiðslur fyrir þau hljóta að koma misjafnlega og óréttlátlega niður og stjórnarvöldunum er með þessu gefinn óþarfur möguleiki til að beita hlutdrægni og þar með hættulegt vald yfir þeim embættismönnum og starfsmönnum, sem kunna að hafa hjartað þar, sem peningarnir eru.

Ég, sem flyt þetta frumvarp, er áður en ég veit af orðinn einn af þessum

bitlingaembættismönnum, með því að hafa nýlega sótt um og fengið embætti og tekið við því eins og það hafði verið búið fyrirrennara minum. Og þó að mér hafi enn ekki verið sýndur neinn ójöfnuður, og þó að ég láti mér í léttu rúmi liggja nið pólitískra andstæðinga og öfundarmanna, sem reyna nú að fá fólk til að halda, að hér sé um að ræða persónuleg friðindi mér til handa, er ég hafi jafnvel búið mér sjálfur með óheiðarlegu móti, og óþekkt séu áður eða við tilsvarandi embætti, þá kann ég engu að síður illa þessu fyrirkomulagi og býðst hér með til að taka afleiðingunum af því fyrir mitt leyti, að með öllu sé fyrir slíkt girt, ef eitt verður látið yfir alla ganga með samþykkt þessa frv.

En afleiðingarnar verða þær, að embætti það, sem ég hefi, og er nú með aukastörfunum þriðjungur verr launað en staða sú, er ég sleppti fyrir það, þó að ég hefði getað mælt mér þar í stærri málum eftir beztu fyrirmyndum, verður eitt allra lélegasta ef ekki lélegasta læknisembættið á landinu. En ekki býst ég við, að það þurfi að standa autt fyrir það, því að alltaf eru lækningar til, sem lítils eiga úrkosta fyrir heilsuleysi eða annað, að ógleymdum smáskammtalæknum, sem því mundu fúsir sinna, ef talið yrði fullnægjandi.

En verr getur farið um önnur störf. Því að þó að reynt sé í frv. að koma á sem mestum jöfnuði á milli embættismanna og starfsmanna ríkisins og starfsmanna við stofnanir ríkisins, verða einkastörfin hættulegir keppinautar. Í minni starfsgrein bendi ég á landsspítalann, sem að sjálfsögðu yrði að loka, ef frv. yrði samþykkt að öðru óbreyttu. En auðgert er að setja sérstök lög um launakjör yfirlæknanna þar, og er ekki lengi verið að því. Er raunar vissara fyrir væntanlega nefnd, sem þetta mál fær til meðferðar, að svipast víðar um, hvort ekki beri nauðsyn til að gera annarsstaðar tilsvarandi ráðstafanir.

En vissasta leiðin til þess að spekja embættismennina og hina opinberu starfsmenn og sætta þá við launakjör í einhverju hlutfalli við ástæður almennings í landinu, væri það, að hið opinbera næði sér niðri á hátekjumönnum einkafyrirtækjanna, sem eru til siðspillingar öllu opinberu lífi, og gera raunar launamál ríkisins óleysanleg. Hversu sem sköttum yrði fyrir komið, mundu þeir verða kák eitt, og er ráðið aðeins eitt: Slík hálaunandi einkafyrirtæki eiga ekki að vera til.

Ekki þótti fært að láta aðalákvæði þessa frv. ná til láglaunamanna, svo sem ýmsra skrifara og aðstoðarmanna, barnakennara, tollheimtumanna, presta og annara vesalinga ríkisins. En fyrir vikið eiga þeir á hættu að verða ósanngjarnlega misjafnað, bæði af hlutdrægni og öðru, og þeir, sem lítilsigldir eru, að leiðast í allskonar freistingar, eftir því hver útdeilir brauðinu. Og verður ekki í allt séð.

Í ráði var, að þm. G.-K. (ÓTh) flytti þetta frv. með mér, en þegar til kom, vildi hann ekki lita við því. Þá sneri ég mér til 2. þm. Reykv. (EA) og 4. þm. Reykv. (MJ), en þá hugði ég kunna bezt að vita, hvar skórinn kreppir í þessu efni. Báðir voru þó ófáanlegir til að gerast meðflutningsmenn, þó að ólíklegt kunni að virðast.